

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. október 2018
2018010037

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum (tvöfalt lögheimili) - 25. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum - 25. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 28. september 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur í upphafi mikilvægt að taka fram að stofan hefur skilning á þeim forsendum sem búa að baki frumvarpi sem þessu. Stofan telur þó rétt að ávarpa ágalla sem eru á frumvarpinu sem varða tengsl lögheimilis annars vegar við ýmsa þjónustu sem veitt er og hins vegar heimild annars foreldris til ákvörðunarréttar þegar forsjárforeldrar, sem ekki búa saman, eru ósammála um ákvarðanir sem taka þarf.

Hvað varðar veitingu þjónustu þá er ýmis þjónusta, s.s. skólaganga, aðgangur að heilsugæslu og félagslegri þjónustu, bundin við lögheimili barns. Frumvarpið ávarpar ekki með neinum hætti hvernig taka eigi á því hvaða heimili eigi að styðjast við þegar teknar eru ákvarðanir um hver eigi að veita þjónustu. Hér getur bæði verið um að ræða ákvörðun um hvaða sveitarfélagi sé skylt að veita þjónustu og hins vegar hjá hvaða þjónustuhverfi innan sveitarfélags barn eigi að vera skráð. Barn hefur gríðarlega hagsmuni að því að ekki leiki vafi á því hvaða þjónustuaðila er skylt að veita þjónustu sem barn á rétt á hverju sinni og allar flækjur eða tafir við að ákveða slíkt vinnur gegn hagsmunum barns hverju sinni.

Hvað seinna atriðið varðar þá kemur það reglulega upp að foreldrar, sem fara sameiginlega með forsjá barna en búa ekki saman, eru ósammála um ýmis atriði er varðar líf barns, þjónustu við það, tómstundir, val á skóla o.s.frv. Eðli málsins samkvæmt þá er mikilvægt að ósamkomulag um slíkt hafi ekki þær afleiðingar að líf barns sé sett á bið heldur liggja það fyrir með skýrum hætti hvar ákvörðunarvaldið liggur á meðan foreldrar leita til sýslumannsembættta til að leysa úr deilunni til framtíðar litið.

Mikilvægt er, með hagsmuni barna að leiðarljósi, að aldrei leiki vafi á því hvar barn á að fá þjónustu eða hver hafi heimild til tóku slíkra mikilvægra ákvarðana, séu foreldrar ekki sammála um það. Tekur frumvarpið ekki á þessum grundvallarþáttum um líf barna. Lýtur frumvarpið frekar að hagsmunum forsjáraðila en barna þar sem það miðar fyrst og fremst að því að báðir forsjáraðilar geti haft barnið skráð á sínu lögheimili. Getur Barnaverndarstofa í ljósi framangreinds ekki séð að frumvarpið, eins og það er sett fram, sé í samræmi við hagsmuni eða þarfi barna, sbr. skyldu þess efnis í 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn, sbr. lög nr. 19/2013.

Ef gera á lögheimili barna tvöfalt þá þarf að taka af skarið um það í löggjöf hvort lögheimilanna á að stýra veitingu þjónustu og endanlegu ákvörðunarvaldi, séu forsjáraðilar ekki sammála varðandi ákveðna þætti í lífi barns. Barnaverndarstofa bendir á að tvöfalt lögheimili er ekki grundvallarforsenda fyrir því að minnka þann aðstöðumun sem er á forsjárforeldrum eftir því hvar lögheimili er skráð. Barnaverndarstofa telur eftir sem áður mikilvægt að aðstöðumunur forsjárforeldra sé jafnaður eins og mögulegt er og telur nauðsynlegt að löggjafinn taki þau mál til skoðunar. Einnig telur Barnaverndarstofa mikilvægt að forsjárforeldrar geti fengið búsetu barna að hluta skráða hjá sér, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem búseta á heimili foreldra er jöfn, en áréttar að hægt er að gera það með öðrum leiðum en tvöföldu lögheimili.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu